

**Ed.**

#### **486. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 26. 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Aukaniðurjöfnun sú, er bæjarstjórn má ákveða, samkvæmt 23. gr. laga nr. 26, 22. nóv. 1918, að fram skuli fara síðari hluta júnímánaðar, skal fara fram fyrri hluta aprilmánaðar.

#### **Greinargerð.**

Nú sem stendur hafa um 550 utansveitarmenn atvinnu í Vestmannaeyjum og fara þaðan með um hálfa milljón krónur í kaup. Þeir eru svo að segja undantekningarlaust fæddir af húsbændum sínum, og má þá reikna fæði þeirra yfir 300 þús. krónur. Þar sem ekki er hægt að leggja aukaútsvar á fólk þetta að haustinu og það er of seint í júnímánudi, þá virðist sanngjarnt, að hægt sje að ákveða, að niðurjöfnun þessi fari fram fyrir lokin.